



## PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

### Ákvörðun nr. 34/2010

#### Krafa Og fjarskipta ehf. um aðgang að aðstöðu hjá Mílu vegna ljósleiðara NATO

##### I. Kröfugerð

###### 1.

###### *Krafa Og fjarskipta ehf.*

Með bréfi, dags. 9. ágúst 2010, óskaði Og fjarskipti ehf. (hér eftir Vodafone) eftir því að Póst- og fjarskiptastofnun (hér eftir PFS) mælti tafarlaust fyrir um skyldu Mílu ehf. til að veita aðgang að aðstöðu hjá Mílu vegna tenginga við ljósleiðara NATO, með ákvörðun til bráðabirgða sbr. 11. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun nr. 69/2003, að viðlögðum dagsektum, sbr. 12. gr. sömu laga.

Einnig sendi fyrirtækið PFS viðbótar athugasemdir með bréfi, dags. 23. ágúst 2010.

Málavöxtum er lýst svo í erindi Vodafone:

„Hinn 1. febrúar 2010 gerðu Vodafone og Varnarmálastofnun með sér samning um leigu á ljósleiðara NATO samkvæmt verkefni Utanríkisráðuneytisins nr. 14477 að undangengnu útboði. Hinn 13. maí s.á. sendi fulltrúi Varnarmálastofnunar tölvupóst til Mílu ehf. þar sem farið var fram á að Míla tryggði aðgang Vodafone að þræðinum enda hygðist félagið leggja lagnir að splæsiboxum/múffum frá tækjaskápum félagsins í aðstöðuleigu Mílu. Í tölvupóstinum var yfirlit yfir þær símsstöðvar sem Vodafone þyrfti aðgang að. Míla mun hafa hafnað umræddri beiðni. Í kjölfarið áttu stafs menn Varnarmálastofnunar fund með starfsmönnum Mílu sem reyndist árangurslaus. Hinn 3. júní sl. áttu sömu aðilar aftur fund ásamt fulltrúum Vodafone enn ekki miðaði frekar að lausn á þeim fundi. Hinn 23. júlí sl. sendi starfsmaður Vodafone aftur tölvupóst til Mílu þar sem umrædd beiðni er ítrekuð. Með svarbréfi starfsmanns Mílu 4. ágúst sl. var beiðninni hafnað með vísan til þess að ekki hefði verið gerður samningur á milli Mílu og Varnarmálastofnunar þar sem skilgreindir væru sameignar- og séreignarhlutar aðila í streng og búnaði sem þræðir færu um. Fullyrt var að samningar Vodafone og Varnarmálastofnunar væru Mílu óviðkomandi enda hefði umrætt útboð átt sér stað án samráðs við Mílu. Í ljósi þessa telur umbjóðandi minn ljóst að frekari samningaviðræður við Mílu séu ekki líklegar til árangurs og því nauðsynlegt að leita atbeina stofnunarinnar til að tryggja aðgang að umræddri aðstöðu.“

###### 2.

###### *Lagarök Vodafone.*

Í erindi Vodafone var vísað til þess að með ákvörðun PFS nr. 20/2007 hafi Míla verið útnefnt sem fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk á heildsölumarkaði fyrir stofnlínuhluta

leigulína. Með ákvörðuninni hafi viðeigandi kvaðir verið lagðar á félagið, m.a. aðgangskvöð, þ.m.t. kvöð um samhýsingu og samnýtingu. Í ákvörðuninni komi fram að skv. d-lið 2. mgr. 28. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003 megi krefjast þess að fjarskiptafyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk bjóði samhýsingu eða samnýtingu, þ.m.t. samnýtingu kapalstokka, bygginga og mastra. Jafnframt væri almennt ákvæði um skyldu til að semja um samhýsingu eða annars konar samnýtingu á aðstöðu eða landareign í 25. gr. fjarskiptalaga. Þrátt fyrir að Míla, áður Síminn, hafi veitt aðstöðu á grundvelli 25. gr. fjarskiptalaga taldi PFS nauðsynlegt að leggja umrædda skyldu á Mílu á grundvelli 2. mgr. 28. gr. fjarskiptalaga enda gæti verið meiri hvatning en áður fyrir fyrirtækið að hleypa ekki nýjum aðilum að aðstöðu sinni. Einnig vísaði Vodafone til ákvörðunar PFS nr. 23/2009 til stuðnings kröfu fyrirtækisins um aðgang.

Telur Vodafone að framangreindar ákvarðanir og tilvitnuð ákvæði fjarskiptalaga feli í sér ótvíræða skyldu Mílu til að veita aðgang að aðstöðu hvort sem um er að ræða samnýtingu eða samhýsingu. Gildi þá einu hvort aðstaðan sem um ræðir sé nauðsynleg til að tengjast þráðum í eigu Mílu eða annarra aðila og enn síður skipti máli hvort umræddir strengir og búnaður sem þræðir fari um séu í séreign Mílu, séreign þriðja aðila eða sameign Mílu og þriðja aðila.

Þá vísar Vodafone jafnframt til þess yfirlýsta markmiðs fjarskiptalaga nr. 81/2003 að efla samkeppni á fjarskiptamarkaði. Í 3. gr. laga nr. 69/2003 sé jafnframt tekið fram að eitt af verkefnum PFS sé að stuðla að samkeppni á sviði fjarskiptaþjónustu, m.a. með því að vinna gegn hindrunum í vegi framboðs á fjarskiptaþjónustu, fjarskiptaneta, aðstöðu og þjónustu sem tengist fjarskiptanetum. Mikilvægt sé að PFS hafi þessi markmið í huga við meðferð mála.

3.

#### *Krafa um dagsektir*

Kröfu um dagsektir rökstuddi Vodafone með þeim orðum, að í ljósi einbeitts vilja Mílu til að hafa af engu lagafyrirmæli og þær kvaðir sem PFS hefur lagt á fyrirtækið lögum samkvæmt sé þess krafist að dagsektum verði beitt í málinu láti Míla ekki af háttsemi sinni.

## **II.**

### **Málsmeðferð vegna kröfu um bráðabirgðaákvörðun**

1.

#### *Krafa um bráðabirgðaákvörðun*

Um skilyrði fyrir töku bráðabirgðaákvörðunar vísaði Vodafone til 11. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun þar sem dráttur á úrskurði í málinu væri til þess fallinn að valda fyrirtækinu verulegu fjártjóni enda gæti fyrirtækið ekki boðið þjónustu yfir ljósleiðaranet NATO nema lagðar yrðu nauðsynlegar lagnir að splæsiboxum/múffum. Auk þess sem dýr búnaður lægi ónotaður á meðan ekki hefði verið leyst úr ágreiningi á milli aðila.

2.

#### *Sjónarmið Mílu varðandi skilyrði bráðabirgðaákvörðunar*

Með bréfi PFS, dags. 9. ágúst 2010 var Mílu gefinn kostur á að tjá sig um fram komna kröfu Vodafone. Athugasemdir Mílu bárust með bréfi, dags. 18. ágúst 2010.

Krafa Mílu var að kröfu Vodafone um töku bráðabirgðaákvörðunar væri hafnað. Vísaði Míla til þess að verkefni Ríkiskaupa nr. 14477 hafi verið auglýst í apríl 2008 og tilboð opnuð 19. júní sama ár. Afhendingartíminn hafi átt að vera 1. janúar 2009. Í febrúar s.l. hafi birst fréttir af því að Vodafone hafi samið við Varnarmálastofnun um afnot af ljósleiðaraþræðinum. Þar

sem Vodafone hafi beðið í tvö ár með að óska eftir umræddri aðstöðu til að tengjast ljósleiðaraþráðinum geti félagið eðli málsins samkvæmt ekki byggt á því nú að beita eigi undaþágureglu 11. gr. laga nr. 69/2003. Skilyrði um að nauðsynlegt sé að taka ákvörðun án tafar sé þannig ekki uppfyllt. Þá sé því ekki lýst hvernig réttindi félagsins muni fara forgörðum eða hvert hið raunverulega fjártjón sé.

3.

#### *Afstaða PFS*

Með bréfi, dags. 25. ágúst 2010 tilkynnti Póst- og fjarskiptastofnun málsaðilum að hún hygðist hafna töku bráðabirgðaákvörðunar, þar sem skilyrði til töku hennar væru ekki uppfyllt í málinu m.a. vegna þess að enn væri óleyst úr því máli hvort Varnarmálastofnun væri tilkynningarskyld til PFS sem fjarskiptafyrirtæki. Einnig vísaði PFS til þess að um ágreining og/eða óleyst atriði væri að ræða á milli Mílu og Varnarmálastofnunar. Þar sem aðild að málinu væri í reynd þríhliða taldi stofnunin æskilegt að gefa aðilum tækifæri á því að ná samkomulagi um óleyst álitamál eftir atvikum með atbeina PFS. Taldi stofnunin að þar sem bráðabirgðaákvörðun væri í eðli sínu undantekning frá almennum reglum um málsmeðferð væri það forsenda fyrir töku hennar að réttindi aðila og skyldur væru skýrar eftir því sem kostur væri. Var því fallist á sjónarmið Mílu um að skilyrði bráðabirgðaákvörðunar, sbr. 11. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun væru ekki uppfyllt.

Hvað varðaði önnur sjónarmið sem málsaðilar héldu fram varðandi efnislegan ágreining málsins vísaði stofnunin til þess að fjallað yrði um þau í endanlegri úrlausn málsins.

Var málsaðilum gefinn frestur til 27. ágúst 2010 til að tjá sig um framangreinda afstöðu PFS um að synja töku bráðabirgðaákvörðunar. Engar athugasemdir bárust frá málsaðilum innan tilskilins frests.

### **III.**

#### **Skráning Varnarmálastofnunar**

1.

##### *Um nauðsyn skráningar Varnarmálastofnunar sem fjarskiptafyrirtæki*

Í athugasemdum Mílu er bent á að Varnarmálastofnun hafi ekki heimild til að stunda fjarskiptastarfsemi, sbr. 2. mgr. 4. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003. Vísaði fyrirtækið til bréfaskipta sem átt höfðu sér stað á milli PFS og Varnarmálastofnunar vegna þessa.

PFS hafi með bréfi, dags. 12. ágúst 2010, gefið Varnarmálastofnu lokafrest til 27. ágúst 2010 til að tilkynna um fjarskiptastarfsemi eða gera rökstudda grein fyrir því af hverju stofnunin teldi sig geta starfað utan fjarskiptalaga. Einnig komi fram að verði ekki sótt um leyfi til að stunda fjarskiptastarfsemi kunni að koma til þess að rekstur NATO strengsins verði bannaður. Verði að teljast fráleitt ef tekin verður ákvörðun um að veita aðgang að fjarskiptastreng þegar mögulegt væri að utanríkisráðuneytinu/Varnarmálastofnun verði bönnuð starfræksla hans.

Einnig vísaði Míla til þess að ekki væri fyrir hendi lagastoð fyrir Varnarmálastofnun til að stunda almenn fjarskiptastarfsemi og þar með reka eða leigja afnot að fjarskiptaneti til almennrar fjarskiptastarfsemi.

2.

#### *Sjónarmið Vodafone*

Í athugasemdum Vodafone varðandi þetta atriði, sbr. bréf, dags. 23. ágúst 2010, er m.a. vikið að því að leiga á umræddum ljósleiðaraþræði sé ekki þess eðlis að gera verði kröfu um að leigusali hafi heimild til fjarskiptastarfsemi enda sé eingöngu um leigu á tiltekinni eign að ræða. Fjarskiptastarfsemin sem mun fara fram á ljósleiðaranum mun verða í höndum Vodafone sem hafi til þess heimild að lögum.

3.

#### *Afstaða PFS*

Með tilkynningu, dags. 23. september 2010 tilkynnti Varnarmálastofnun (VMS), í samræmi við ákvörðun utanríkisráðuneytisins þar að lútandi, að Varnarmálastofnun reki og leigi út fjarskiptanet hér á landi í skilningi 2. mgr. 4. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti.

Vísaði stofnunin til þess að með verkefni nr. 14477 óskaði Ríkiskaup fyrir hönd Varnarmálaskrifstofu eftir tillögum í rekstur og afnot af ljósleiðaraþráðum NATO. Umrætt fjarskiptanet sé ljósleiðaraþráður NATO hér á landi sem VMS fari með forræði yfir fyrir hönd ríkisins á grundvelli 15. tl. 7. gr. varnarmálalaga nr. 34/2008 og leigður var Vodafone til 10 ára með samningi undirrituðum 1. febrúar 2010, á grundvelli verkefnisins.

PFS skráði Varnarmálastofnun á grundvelli ofangreindrar tilkynningar sem fjarskiptafyrirtæki með almenna heimild með skráningu, dags. 29. september 2010. Um starfsemina gilda m.a. almenn skilyrði 6. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003 og reglur um almenna heimild nr. 345/2005.

Með vísun til þeirrar skráningar er ekki ástæða til að fjalla um þau sjónarmið málsaðila sem varða skyldu og/eða heimild Varnarmálastofnunar til að skrá sig sem fjarskiptafyrirtæki.

## **IV.**

### **Málsmeðferð vegna kröfu um aðgang**

1.

#### *Sjónarmið Mílu til kröfugerðar Vodafone*

Sjónarmið Mílu til kröfugerðar Vodafone koma fram í bréfum, dags. 10. september 2010, og 18. ágúst 2010. Er bent á að í kröfugerð Vodafone sé þess einungis krafist að PFS mæli tafarlaust fyrir um skyldu Mílu til aðgangs að „umræddri aðstöðu“ en hins vegar sé ekki gert grein fyrir því hvernig þeim aðgangi eigi að vera háttáð. Einungis sé vísað til tölvupósts sem sé meðfylgjandi sem fylgiskjal með kvörtun Vodafone. Ekkert sé hins vegar mælt fyrir um hvernig fyrirkomulag aðgangs skuli háttáð. Telur Míla að verði kröfugerð Vodafone gerð óbreytt að ákvörðunarorðum í ákvörðun PFS yrði sú ákvörðun ekki nægjanlega skýr og skiljanleg til að Míla gæti áttað sig á hvernig bæri að framfylgja henni. Verði því að hafna kröfu Vodafone af þeim sökum.

Míla hélt því einnig fram að Vodafone beindi kröfu sinni að röngum aðila þar sem Vodafone hafi gert samning við Varnarmálastofnun um afnot af ljósleiðaraþræði sem áður hafi verið rekinn af NATO. Míla sé hins vegar ekki aðili að samningi milli Vodafone og Varnarmálastofnunar. Þá hafi Míla ekki á nokkurn hátt komið að útboði eða útboðsskilmálum þeim sem samningurinn byggir á. Utanríkisráðuneytið (Varnarmálastofnun) sem fari með samninga við Mílu vegna sameignarinnar og þjónustu við rekstur og viðhald ljósleiðarakerfis NATO hafi ekki gert samning við Mílu um þau atriði sem ríkið virðist ætla Mílu að

framkvæma til að efna framangreindan samning ríkisins við Vodafone. Míla hafi ítrekað lagt áherslu á það við fulltrúa ríkisins að samningar verði að vera skýrir til þess að unnt sé að framkvæma aðgengi annarra inn á strenginn. Sameignarsamningur sé grundvallaratriði en einnig þurfi að gera samning um þá þjónustu sem Mílu sé ætlað að veita á grundvelli slíks sameignarsamnings og hvernig skuli greiða fyrir þá þjónustu. Af þessu sé ljóst að Míla sé ekki aðili að samningi Vodafone og ríkisins og engar skyldur hvíla á Mílu um að framkvæma samning ríkisins við Vodafone. Vodafone beini því kröfum sínum að röngum aðila í málinu.

Þá vísaði Míla til þess að Vodafone byggði kröfu sína um aðgang á ákvörðun PFS nr. 20/2007. Sú ákvörðun fjalli m.a. um aðgang fjarskiptafyrirtækja að leigulínum Mílu ásamt tilheyrandi aðstöðu. Telur Míla að Vodafone sé nú þegar með þann aðgang sem sú ákvörðun fjalli um. Aðgangur að ljósleiðaraþráðum sem ekki séu í eigu Mílu eða aðstaða til að tengjast þeim þráðum séu ekki hluti af tilvitnaðri ákvörðun PFS enda hafi NATO ljósleiðaraþræðirnir ekki verið skilgreindir sem hluti af leigulínumarkaði og því ekkert um þá fjallað í ákvörðuninni. Beri því að hafna því að krafa Vodafone nái fram að ganga með vísun til ákvörðunar PFS nr. 20/2007.

Í athugasemdum Mílu, dags. 10. september 2010, er vikið að því að ljóst hafi orðið þegar ríkið ákvað að fara á almennan fjarskiptamarkað og leigja út tvo af þremur þráðum í kerfi NATO að samningur Mílu og ríkisins frá árinu 2001 sé ekki skýr hvað varðaði eignaskiptingu, hvaða búnaður teljist í sameign og framkvæmd á rekstri og viðhaldi strengsins taki ekki á aðkomu þriðja aðila inn á strenginn. Míla hafi ítrekað bent á að slíkur samningur sé algert grundvallaratriði til þess að hægt sé að skilgreina hvernig veita eigi þriðja aðila aðgengi. Þjónustusamningur milli Mílu og ríkisins sem gerður hafi verið í byrjun árs 2008 fjalli eingöngu um rekstur og viðhald á NATO kerfinu eins og það sé skilgreint í samningnum frá 2001.

Þá bendir Míla á að í strengnum séu tvö aðskilinn kerfi sem hafi verið byggð upp á mismunandi hátt til mismunandi þarfa. Kerfi Mílu sé byggt upp sem fullkomið almennt fjarskiptanet en NATO kerfið sé aðallega byggt upp fyrir ratsjárkerfi og takmarkist þar af leiðandi við þær þarfir.

## 2.

### *Frekari sjónarmið Vodafone*

Í bréfi Vodafone, dags. 23. ágúst 2010 lýsti fyrirtækið nánar þeim aðgangi sem fyrirtækið taldi nauðsynlegan:

„Til áréttingar er hér um að ræða að Vodafone hefur með formlegum hætti óskað eftir aðgangi að aðstöðu til að tengjast leigðum ljósþræði í ákveðnum símsstöðvum sem eru í eigu eða umsjón Mílu en ekki fengið. Ljósleiðarakapallinn er tekinn úr jörðu og inn fyrir vegg í tilteknum símsstöðvum Mílu og endar í sk. splæsiboxi. Frá þessu splæsiboxi er ljósleiðarinn annað hvort tengdur við innanhúsljósleiðarakapal þan sem hann endar á ljóstengigrind eða þá að hann er tengdur út aftur í gegnum annan ljósleiðarakapal sem liggur að næsta tengihúsi eða símsstöð (heil-splæstur) og liggur því órofinn inn í gegnum splæsibox og út aftur. Beiðni Vodafone varðar nánar tiltekið að er að félagið fái nauðsynlegan aðgang til að leggja innanhúsljósleiðarakapal frá eigin ljóstengigrind í símsstöð og að splæsiboxi ljósleiðarkapals svo Vodafone geti samtengt eigin tækjabúnað í gegnum leigðan ljósþráð milli tveggja símsstöðva. Framkvæmd og hönnun innanhúslagna má vera samkvæmt fyrirmælum Mílu sem umráðamanns aðstöðunnar.“

Jafnframt bendir Vodafone á að ekki skipti máli hvort Míla og Varnarmálastofnun hafi gengið frá samningum sínum á milli um eignaskipti. Mál þetta snúist um aðgang að aðstöðuleigu Mílu,

þ.e. nauðsynlegan aðgang að svonefndum splæsigrindum/múffum en ekki að ljósleiðaranum sjálfum.

### 3.

#### *Fundur PFS með Mílu og bréf stofnunarinnar til málsaðila*

PFS boðaði Mílu á fundi þann 30. september 2010 þar farið var yfir gögn málsins. Af hálfu Mílu var m.a. upplýst að fyrirtæki hefði fengið lítil viðbrögð frá Varnarmálastofnun varðandi gerð eignaskiptasamnings sem og nýs þjónustusamnings vegna reksturs á ljósleiðaranum.

Í framhaldi af fundinum sendi PFS bréf, dags. 1. október 2010 til Mílu, Vodafone, Varnarmálastofnunar sem og Utanríkisráðuneytisins. Þar segir m.a. eftirfarandi:

„Eins og áður sagði tilkynnti PFS með bréfi, dags. 25. ágúst 2010 að ekki væri forsenda til að taka bráðabirgðaákvörðun í málinu. Vísaði stofnunin m.a. til þess að um ágreining og/eða óleyst atriði væri að ræða á milli Varnarmálastofnunar, sem er leigusali á umræddum ljósleiðara, og Mílu um hvernig fara ætti með þessa sameign aðila. Því til viðbótar hefur því m.a. verið haldið fram af hálfu Mílu að núverandi þjónustusamningur taki ekki til nauðsynlegrar umsýslu Mílu vegna aðgangs þriðja aðila að NATO strengnum.

Þó að umrædd atriði falli líklega utan valdsviðs PFS hefur stofnunin talið að það myndi auka á skýrleika réttinda og skyldna málsaðila að frá þessum atriðum yrði gengið í meginráttum áður en til þess kemur að tekin sé ákvörðun um hvort Vodafone eigi rétt á þeim aðgangi sem farið er fram á í málinu, sbr. einnig sú skylda sem hvílir á PFS samkvæmt 9. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun að leita sátta með aðilum. Horfði stofnunin þá til þess, miðað við forsögu málsins, að leigusali (Varnarmálastofnun) hefði getað beitt sér með virkari hætti að lausn málsins en gögn þess gefa til kynna, þ.e. með það að markmiði að umræddur samningur við Vodafone gengi eftir. Upplýst er af hálfu Mílu í málinu að fyrirtækið hafi sýnt ákveðna viðleitni til að stuðla að lausn málsins, sbr. t.d. sá eignaskiptasamningur sem sendur hafi verið af hálfu Mílu.

Þrátt fyrir framangreint verður ekki litið fram hjá því að fyrir PFS liggur að taka ákvörðun um hvort að sú krafa sem Vodafone gerir í málinu falli undir fjarskiptalög og/eða ákvörðun PFS nr. 20/2007. Það hefur verið mat stofnunarinnar að nauðsynlegt sé, áður en til þess kemur, að Mílu og Varnarmálastofnun verði gefið tækifæri til að ganga frá þeim samningum í meginráttum sem vísað hefur verið til í gögnum málsins. Frestur til þess er veittur til 14. október. n.k. Að þeim tíma liðnum verður fljótlega tekin formleg ákvörðun um þau álitafni sem málsaðilar hafa haldið fram í málinu.“

### 4.

#### *Frekari sjónarmið Mílu m.a. um öryggi*

Með bréfi, dags. 19. október 2010 útskýrði Míla sín sjónarmið frekar í málinu. Áréttaði fyrirtækið að það hafi aldrei hafnað Vodafone um aðgang að þeirri hýsingu eða aðstöðu sem fyrirtækinu er unnt að veita og telst eðlileg í skilningi fjarskiptalaga.

Síðan segir:

„Á þeim stöðum sem ljósleiðari Varnarmálastofnunar/Utánríkisráðuneytisins (hér eftir ríkisins) er tengdur er svokallaður tæknisniðflötur inni í skápum VMS. Vegna öryggisástæðna veitir VMS ekki aðgang að ljósleiðaranum á þeim stöðum inni í skápunum og þarf því að tengja út úr skápunum og að ljóstengigrind Vodafone í símstöðinni. Samkvæmt samningi ríkisins og Mílu (áður Landssíma Íslands hf.) frá árinu 2001 skal Míla sjá um þjónustu á NATO þráðunum þremur enda liggja þeir inni í sameign aðila innan sömu ljósleiðarakápu. Á grundvelli þess var gerður þjónustusamningur í febrúar 2008.

Í umræddum ljósleiðarastreng sem er að stærstum hluta sameign ríkisins og Mílu er ljósleiðarakerfi NATO (IADS kerfið) sem notað er í þágu varnarsamstarfs Íslands og NATO. Þarna er einnig fjarskiptakerfi Mílu sem þjónar öllum fjarskiptafyrirtækjum á Íslandi og á því grundvallast nánast öll fjarskiptaumferð innanlands og til útlanda. Af þeirri ástæðu getur Míla ekki fallist á að þriðji aðili fari inn í kerfið án þess að Míla sjái um að framkvæma þann þátt. Eins og margoft hefur verið bent á af hálfu Mílu hefur ekki verið samið við Mílu af hálfu meðeigandans um þá framkvæmd.

Á þeim stöðum þar sem ljósleiðari ríkisins er ekki tengdur þá er ekki fyrir hendi neinn tæknisniðflötur í skilningi ákvörðunar PFS 20/2007 eða nettengipunktur sbr. reglur 1221 og 1222 þar sem þar er um að ræða órofinn ljósleiðara. Slíkir tæknisniðfletir eða nettengipunktar eru eingöngu á núverandi tengistöðum IADS kerfisins. Ef ríkið vill leyfa þriðja aðila að rjúfa ljósleiðarann í sundur til þess að búa til tæknisniðflöt þá verður það ekki gert nema í samráði við sameiganda að strengnum. Míla er umsjónaraðili og rekstraraðili strengsins og mun ekki geta fallist á að þriðji aðili fái að fara inn í strenginn og rjúfa leiðara án þess að sameigandinn semji fyrst við Mílu um þá framkvæmd.

Míla hefur lögbundnum skyldum að gæta til að tryggja öryggi fjarskipta og varðveita heildstæði neta, sbr. einkum ákvæði 3. mgr. 47. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003 og reglur PFS nr. 1221 og 1222 sem settar hafa verið á grundvelli laganna. Míla hefur einnig samningsbundnum skyldum að gæta gagnvart viðskiptavinum sínum um að tryggja sem best örugg og órofin fjarskipti og getur jafnvel átt yfir höfði sér bótakröfur vegna vanefnda. Míla bendir einnig á að PFS ber lögum samkvæmt að tryggja öryggi almennra fjarskiptaneta inna lands og tengingar Íslands við umheiminn, sbr. f. liður 2. mgr. 2. gr. fjarskiptalaga. Þessi áhersla á vernd og öryggi fjarskiptaneta kemur einnig fram í 6. og 47. gr. fjarskiptalaga.

Míla hefur því ríka lögvarða hagsmuni af því að aðgangur sá sem veittur er þriðja aðila inn í kerfi Mílu takmarkist af þeim gríðarlegu öryggishagsmunum sem eru í húfi og bent hefur verið á hér að framan. Viðleitni Mílu í þá átt að fá sameigandann að samningaborðinu til þess að leysa úr málinu þ.a. ríkið geti staðið við samning sinn um að veita Vodafone aðgang að ljósleiðaranum hefur hingað til ekki borið mikinn árangur, en vonir standa til að úr því rættist á næstu vikum.“

Með tölvupósti, dags. 20. október 2010 upplýsti Vodafone að fyrirtækið sæi ekki ástæður til að koma að frekari athugasemdum vegna málsins.

## V. Forsendur og niðurstaða

### 1.

#### *Almennt*

Í júlí árið 1989 var undirritaður samningur á milli íslenskra stjórnvalda og Bandaríkjanna fyrir hönd NATO um uppbyggingu, rekstur og viðhald á ljósleiðarakerfi á Íslandi til afnota fyrir lofvarnakerfi Bandaríkjahers. Þar er kveðið á um að þrjár af átta þráðum í ljósleiðaranum skuli vera eign íslenska ríkisins og til afnota fyrir NATO vegna ratsjárstöðva hér á landi. Hinir þræðirnir fimm voru hins vegar eign Landssíma Íslands (nú Mílu ehf.) með sama hætti og annar búnaður fyrirtækisins.

Við lagningu ljósleiðarans og tengingu við símsstöðvar var þráðunum þremur haldið algjörlega aðskildum frá öðrum hlutum ljósleiðarans (hinum fimm þráðunum) og Míla hefur ekki haft nein afnot af þeim. Þræðirnir þrjár og endabúnaður í ratsjárstöðvunum, sem ljósleiðarinn liggur inn í, voru greiddir að fullu af hálfu Mannvirkjasjóðs NATO á sínum tíma og eru samkvæmt samningum, sem þá voru gerðir, eign íslenska ríkisins. Varnarmálastofnun fer nú með umráð yfir þessum þráðum, sbr. lög nr. 34/2008, sbr. lög nr. 98/2010.

Síminn og nú Míla hafa frá upphafi séð um rekstur og viðhald þráðanna þriggja samkvæmt sérstökum þjónustusamningi um rekstur og viðhald kerfisins við Varnarmálastofnun. Núgildandi samningur er dagsettur þann 15. febrúar 2008.

Utanríkisráðuneytið ákvað á árinu 2008 að leigja tvo af þeim strengjum sem ríkið hafði forræði yfir. Á heimasíðu Ríkiskaupa er verkefninu sem ber nr. 14477 lýst á eftirfarandi hátt:

#### „14477 Ljósleiðarar NATO

Ríkiskaup, fyrir hönd Utanríkisráðuneytisins, óska eftir tillögum í rekstur og afnot af tveim ljósleiðaraþráðum sem liggja hringinn í kring um Ísland. Samið verður um leigu til 10 ára. Um er að ræða tvo af átta ljósleiðurum sem NATO lét leggja í jörðu, og skulu ljósleiðararnir ganga til tveggja aðila með óskýlt eignarhald. Markmið verkefnisins er að auka aðgengi almennings að hröðum og öruggum fjarskiptum, auka samkeppni á fjarskiptamarkaði og auka möguleika á uppbyggingu á upplýsingatækniþjónustu á landsbyggðinni, þar með talið uppbyggingu netþjónabúa og sambærilegrar þjónustu“

Ágreiningur Mílu og Vodafone snýst um með hvaða hætti Vodafone sé unnt að taka í notkun einn af þessum þráðum sem Varnarmálastofnun leigði Vodafone að undangengnu því útboði sem vísað er til hér að framan, þ.e hvaða nauðsynlegan aðgang Míla þurfi að veita til að svo megi verða.

#### 2.

*Nauðsyn samnings um eignaskipti og þjónustusamnings á milli Mílu og Varnarmálastofnunar*  
Eins og vikið er að hér að ofan taldi Míla að áður en til þess kæmi að hægt væri að veita umbeðinn aðgang þyrfti Varnarmálastofnun að skrá sig sem fjarskiptafyrirtæki. Jafnframt taldi Míla að nauðsynlegt væri að gerður yrði eignaskipasamningur sem og endurskoðaður núgildandi þjónustusamningur um rekstur og viðhald strengsins. Fram hefur komið að Míla sendi Varnarmálastofnun drög að eignaskiptasamningi með tölvupósti, dags. [14] júní 2010.

Með bréfi Varnarmálastofnunar, dags. 4. október 2010 var upplýst að utanríkisráðuneytið sem forráðaaðili varnartengda verkefna skv. varnarmálalögum nr. 34/2008, sbr. lög nr. 98/2010, myndi vinna að gerð samkomulags við Mílu um eignarhald ljósleiðarakerfis o.fl.

Eins og fram kom í bréfi PFS þann 25. ágúst 2010 hafnaði stofnunin að skilyrði væru til töku bráðabirgðaákvörðunar var þá m.a. horft til ofangreindra atriða. Þau atriði eru hins vegar í dag ekki að öllu leyti fyrir hendi í dag, t.d. er Varnarmálastofnun nú skráð sem fjarskiptafyrirtæki og um leið hefur stofnunin öðlast þau réttindi og skyldur sem því fylgja. Þá hefur einnig verið upplýst að viðræður munu hefjast við Mílu af hálfu Utanríkisráðuneytisins um gerð eignaskiptasamnings o. fl.

Telja verður að Vodafone eigi sjálfstæðan rétt á því að leyst verði úr þeirri kröfu sem hér er til meðferðar á grundvelli fjarskiptalaga og afleiddra réttarheimilda. Með skráningu Varnarmálastofnunar sem fjarskiptafyrirtækis féll niður sú hindrun sem var fyrir því að krafa Vodafone næði fram að ganga. Nauðsyn eignaskiptasamnings sem og endurnýjun samnings um rekstur og viðhald á ljósleiðarakerfi NATO eru ekki atriði sem samkvæmt ákvæðum fjarskiptalaga geta komið í veg fyrir að krafa Vodafone geti náð fram að ganga.



*Afstaða PFS um aðild og gildissvið ákvörðunar PFS nr. 20/2007*

Í málinu heldur Míla því fram að aðgangur að ljósleiðarapræði NATO falli ekki undir ákvörðun PFS nr. 20/2007, þar sem umræddur strengur (hluti strengsins) hafi ekki verið hluti af markaðsgreiningu PFS á sínum tíma. Eins og fram hefur komið er umræddur hluti strengsins á forræði Varnarmálastofnunar sem í kjölfar útboðs leigði hann áfram til Vodafone. PFS getur fallist á það með Mílu að umræddur strenghluti hafi ekki verið tekin með í markaðsgreiningu PFS á sínum tíma og hafi þ.a.l. ekki verið hluti af því fjarskiptaumhverfi sem greining stofnunarinnar gekk út frá að væri við líði hér á landi á þeim tíma. En á grundvelli þeirra samkeppnisvandamála sem greind voru eru lagðar tiltekna kvaðir á Mílu. Krafa Vodafone snýr hins vegar ekki að því að fá aðgang að ljósleiðaranum sjálfum, enda fyrirtækið þegar með samning við Varnarmálastofnun um leigu á strengnum.

Með ákvörðun PFS nr. 20/2007 var lögð sú kvöð á Mílu, með vísan til d. liðar 2. mgr. 28. gr. fjarskiptalaga, að fyrirtækið skyldi bjóða samhýsingu eða samnýtingu, þ.m.t. samnýtingu kapalstokka, bygginga og mastra. Að mati PFS verður að skilja kröfu Vodafone á þá leið að fyrirtækið telji að það eigi rétt á nauðsynlegum aðgangi með vísun til kvaðarinnar til að hægt sé að framkvæma nauðsynlegar tengingar. Í bréfi Vodafone, dags. 23. ágúst 2010 lýsti fyrirtækið nánar þeim aðgangi sem fyrirtækið taldi nauðsynlegan:

*„Til áréttingar er hér um að ræða að Vodafone hefur með formlegum hætti óskað eftir aðgangi að aðstöðu til að tengjast leigðum ljósþræði í ákveðnum símsstöðvum sem eru í eigu eða umsjón Mílu en ekki fengið. Ljósleiðarakapallinn er tekinn úr jörðu og inn fyrir vegg í tilteknum símsstöðvum Mílu og endar í sk. splæsiboxi. Frá þessu splæsiboxi er ljósleiðarinn annað hvort tengdur við innanhúsljósleiðarakapal þan sem hann endar á ljóstengigrind eða þá að hann er tengdur út aftur í gegnum annan ljósleiðarakapal sem liggur að næsta tengihúsi eða símsstöð (heil-splæstur) og liggur því órofinn inn í gegnum splæsibox og út aftur. Beiðni Vodafone varðar nánar tiltekið að er að félagið fái nauðsynlegan aðgang til að leggja innanhúsljósleiðarakapal frá eigin ljóstengigrind í símsstöð og að splæsiboxi ljósleiðarkapals svo Vodafone geti samtengt eigin tækjabúnað í gegnum leigðan ljósþráð milli tveggja símsstöðva. Framkvæmd og hönnun innanhúslagna má vera samkvæmt fyrirmælum Mílu sem umráðamanns aðstöðunnar.“*

Samkvæmt d. lið 2. mgr. 28. gr. fjarskiptalaga má krefjast þess að fjarskiptafyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk bjóði samhýsingu eða samnýtingu, þ.m.t. samnýtingu kapalstokka, bygginga eða mastra. Jafnframt er almennt ákvæði um skyldu til að semja um samhýsingu eða annars konar samnýtinga á aðstöðu eða landareign í 25. gr. fjarskiptalaga.

Í áður nefndri ákvörðun PFS taldi stofnunin mjög kostnaðarsamt fyrir netrekendur á leigulínemarkaði að byggja upp þá miklu aðstöðu sem nauðsynleg væri til að bjóða fullnægjandi net. Slíkur kostnaður væri í mörgum tilvikum óafturkræfur. Því væri mikilvægt að aðilar gætu fengið aðgang að rorum Mílu sem ekki væru fullnýtt til að setja þar nýjar tengingar (kopar eða ljósleiðara). Þá tiltók stofnunin einnig að aðgangur gæti verið sem hluti af stofnlínuleið.

Það varð því niðurstaða PFS að leggja þá skyldu á Mílu að bjóða samnýtingu eða samhýsingu varðandi þá aðstöðu sem fyrirtækið hafði yfir að ráða. Jafnframt tiltók stofnunin að næðist ekki samkomulag milli aðila um aðgang til samnýtingar eða samhýsingar gæti PFS ákveðið eðlileg og sanngjörn verð og skilyrði fyrir aðganginn.

Í ákvörðun sinni nr. 20/2007 tiltók PFS sérstaklega að hægt væri að tengja ljósleiðara. Með öðrum orðum verða þær kvaðir sem lagðar voru á Mílu með umræddri ákvörðun ekki skýrðar það þröngt að þær taki eingöngu til þeirra tilvika þegar veittur er aðgangur að búnaði og línunum sem eru í eigu fyrirtækisins sjálfs. Heldur verður einnig að líta til þess þegar fjarskiptafyrirtækjum er nauðsynlegt að fá aðgang að hluta af þeim búnaði sem Míla hefur yfir að ráða í þeim tilgangi að tengja saman mismunandi net og þjónustu. Er þá einnig horft til þeirrar meginreglu sem fram kemur í 24. gr. fjarskiptalaga um rétt og skyldu fjarskiptafyrirtækja til samtengingar á netum og þjónustu.

Að mati PFS fellur sú lýsing sem fram kemur í erindi Vodafone undir aðgangskröfuna eins og henni er lýst í umræddri ákvörðun PFS nr. 20/2007.

#### 4.

##### *Aðgangur að tæknisniðflötum*

Með bréfi, dags 22. júlí 2010 tilkynnti Varnarmálastofnunar Vodafone að ljósleiðaraþráður (lausi þráðurinn) skv. samningi á milli VMS og Vodafone frá 1. febrúar 2010 á grundvelli verkefnis nr. 14477 væri tilbúinn til afhendingar af hálfu VMS á þeim tengistöðum sem fram kæmu í 2.4. gr. verkefnisins. Í bréfinu var jafnframt vakin athygli á því að ef Vodafone hygðist bæta við tengistöðum á leið þráðarins þá bæri félaginu skylda til, skv. 7. gr. samningsins, að viðhafa samráð og leita fyrirfram samþykkis eiganda strengsins, eða þeirra sem fara með forræði hans, þ.e. VMV og Mílu.

Í bréfi Varnarmálastofnunar, dags. 26. júlí 2010 til Vodafone sagði ennfremur:

„Framangreint bréf veitti Vodafone heimild VMS til þess að tengjast lausa þræðinum á þeim stöðum sem fram koma í 2.4. gr. verkefnisins. Hér með veitir VMS Vodafone jafnframt heimild til þess að tengjast lausa þræðinum á þeim stöðum þar sem hann er aðgengilegur, þ.e. þar sem ekki er nauðsynlegt að grafa strenginn upp og taka hann í sundur svo að Vodafone geti tengst honum. Í öðrum tilfellum skal Vodafone sérstaklega leita heimildar VMS, í hvert skipti fyrir sig, sbr. ákvæði 2.5. gr. samningsins.“

Hins vegar liggur fyrir að Vodafone óskar eftir aðgangi að tæknisniðflötum á öðrum stöðum en greinir í lið 2.4. í samningi fyrirtækisins við Varnarmálastofnun. Míla hefur aftur á móti bent á að slíkir tæknisniðfletir séu ekki fyrir hendi og að það þurfi að rjúfa strenginn til að koma þeim á. Kveðst Míla, sem umsjónar- og rekstraraðili strengsins, ekki geta fallist á að þriðji aðili hafi heimild til að fara inn á strenginn og rjúfa leiðara án þess að sameigandinn semji fyrst við Mílu um þá framkvæmd.

Samkvæmt c. lið 2. mgr. 28. gr. fjarskiptalaga má krefjast þess að fjarskiptafyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk heimili opin aðgang að tæknisniðflötum, samskiptareglum eða annarri tækni sem sé nauðsynleg til að tryggja gagnvirkri þjónustu (tenging við önnur net).

Með hliðsjón af ofangreindum tölulíð taldi PFS mikilvægt, sbr. ákvörðun PFS nr. 20/2007, að leggja á Mílu skyldu til að bjóða aðgang að tæknisniðflötum, samskiptareglum eða annarri tækni sem væri nauðsynleg til að tryggja gagnvirka þjónustu milli leigulínukerfis Mílu og annarra fjarskiptaneta, þannig að minni net gætu tengst netum Mílu á fullnægjandi hátt. Krafa Vodafone verður ekki skilin á annan hátt en að fyrirtækið sé að fara fram á að Míla útbúi viðeigandi og nauðsynlega tæknisniðfleti, í samræmi við þá útfærslu á aðgangskvöðinni sem mælt er fyrir um í kafla 14.1.2. í viðauka A með ákvörðun nr. 20/2007, til að hægt sé að tengja einn af ljósleiðurum Varnarmálastofnunar við fjarskiptanet Vodafone. Að áliti PFS hvílir umrædd skylda á Mílu án tillits til þess hvernig eignaskiptingu á ljósleiðaranum er

háttað milli fyrirtækisins og Varnarmálastofnunar og óleystum málum aðila varðandi rekstur hans og umsýslu. Ef svo væri ekki væri aðgangskvöðin í reynd óvirk fyrir þann aðila sem óskar aðgangs þar sem Míla, þ.e. sá aðili sem kvöðin hvílir á, gæti þá tálmað framgangi hennar með ágreiningi við þriðja aðila.

Samkvæmt framansögðu er það niðurstaða PFS að á Mílu hvíli skylda til athafna um að hanna og teikna nauðsynlega tæknisniðfleti og í framhaldi af því framkvæma nauðsynlegar tengingar. Er Mílu heimilt að fella eðlilegan og sanngjarnan kostnað við slíka vinnu á Vodafone. Komi til ágreinings um upphæð kostnaðarins er unnt að skjóta málinu til úrlausnar PFS, sbr. kafla 14.1.3. í viðauka A í ákvörðun nr. 20/2007, sbr. og 3. mgr. 25. gr. fjarskiptalaga.

Þá telur PFS að líta verði þannig á að Varnarmálastofnun hafi veitt Vodafone heimild til að fara inn á strenginn á þeim stöðum sem eru aðgengilegir og taldir voru upp í bréfi Varnarmálastofnunar til Mílu, dags. 9. júlí 2010. Ef hins vegar nauðsynlegt er að rjúfa strenginn þarf Vodafone hins vegar að sækja um heimild til Varnarmálastofnar í hvert skipti fyrir sig, sbr. tilvitnað bréf.

Samkvæmt þeirri kvöð sem nú hvílir á Mílu skal samningum um aðgang og samtengingu við leigunet Mílu ljúka innan eðlilegar tímamarka og án óþarfa tafa. Með hliðsjón af atvikum máls og umfangs verksins telur PFS eðlilegt að lokið verði við tengingu á þeim stöðum sem nú þegar liggur fyrir heimild Varnarmálastofnunar fyrir 15. desember n.k.

Hvað varðar tengingar á öðrum stöðum þar sem nauðsynlegt er að rjúfa strenginn þá miðast tímamarkið við afstöðu Varnarmálastofnunar/utanríkisráðuneytisins og eftir atvikum af þeim tíma sem tekur að hanna nauðsynlega tæknisniðfleti.

## 5.

### *Um takmarkanir á aðgangi vegna öryggissjónarmiða*

Samkvæmt ákvörðun PFS nr. 20/2007 er Mílu heimilt að takmarka aðgang að og notkun á leigulínum á grundvelli grunnkrafna er varða rekstraröryggi fjarskiptanetsins í neyðartilfelum, samstæði þess og í rökstuddum tilvikum rekstrarsamhæfni þjónustukerfa og verndun gagna. Varðandi synjun um að veita aðgang vísar Míla jafnframt til þess að fyrirtækið hafi lögbundnum skyldum að gegna til að tryggja öryggi fjarskipta og varðveita heildstæði neta, sbr. einkum ákvæði 3. mgr. 47. gr. fjarskiptalaga og reglur PFS nr. 1221 og 1222 frá árinu 2007.

Í 3. mgr. 47. gr. fjarskiptalaga, sbr. lög nr. 39/2007, er sú skylda lögð á fjarskiptafyrirtæki að gera sérstakar ráðstafanir til að tryggja samfelldan og órofinn rekstur almennra fjarskiptaneta. Jafnframt er PFS falið að setja sérstakar reglur um virkni almennra fjarskiptaneta. Þær eru nr. 1221/2007, um vernd upplýsinga í almennum fjarskiptanetum, nr. 1222/2007, um virkni almennra fjarskiptaneta og nr. 1223/2007 um vernd, virkni og gæði IP fjarskiptaþjónustu. Í greinargerð með lögunum er vikið að því að þær ráðstafanir sem hér koma til álita séu flestar skipulags og tæknilegs eðlis og lúti m.a. að varaleiðum, burðargetu kerfa, stjórn þeirra og ytra umhverfi. Í lagaákvæðinu sem og þeim reglum sem vísað var til er hvergi vikið að því að þær öryggiskröfur sem skylt er að viðhafa í umgengni um almenn fjarskiptanet geti komið í veg fyrir að unnið sé að nauðsynlegum endurbótum eða að framkvæmdar séu nýjar tengingar, sem fjarskiptafyrirtæki eiga rétt á samkvæmt fjarskiptalögum og/eða þeim kvöðum sem í gildi eru.

Hins vegar er það svo að í reglum nr. 1222/2007 um virkni neta er gert ráð fyrir því að fjarskiptafyrirtæki þurfi sérstaklega að huga að öryggi í tengslum við breytingar á netum samkvæmt skilgreindum ferlum þar að lútandi, sbr. 23. gr. þeirra, en hún er svohljóðandi:

*„Verkferlar sem fjalla um breytingar skulu taka til allra breytinga sem geta haft áhrif á fjarskiptanetin og skulu tryggja viðeigandi formlega meðhöndlun breytinga ásamt skjalfestingu þeirra. Verkferlarnir skulu hafa í för með sér traustan, skipulegan og fyrirsjáanlegan rekstur fjarskiptaneta.*

*Breytingar skal framkvæma þannig að þær trufla sem minnst fjarskiptaþjónustu fjarskiptafyrirtækisins og annarra fjarskiptafyrirtækja.*

*Ef breyting hefur óhjákvæmilega áhrif á fjarskiptanet og fjarskiptaþjónustu annarra fjarskiptafyrirtækja, skal vera samvinna milli aðila um fyrirkomulag breytinganna til að minnka truflanir.“*

Samkvæmt þessu verður að telja að sú skylda hvíli á Mílu, ásamt öðrum netrekendum, að taka tillit til öryggisógnna sem kunna að fylgja viðhaldi og breytingum á netkerfum við gerð áhættumats og skilgreina um leið viðeigandi öryggisráðstafanir til þess að koma í veg eða takmarka eftir föngum þjónusturof eða annars konar röskun. Lítur PFS svo á að slík skylda hvíli jafnt á Mílu og Vodafone í þessu tilviki, enda gerir ákvæðið ráð fyrir því að samráðs sé gætt um breytingar á neti sem kunna að hafa áhrif á net og fjarskiptaþjónustu annarra fjarskiptafyrirtækja, sbr. 2. og 3. mgr. ákvæðisins.

Það er því niðurstaða PFS að sú vinna sem felst í framkvæmd nauðsynlegrar tengivinnu, þ.á.m. við að útbúa tæknisniðfleti gangi ekki gegn þeim grunnkröfum sem vikið er að í ákvörðun PFS nr. 20/2007, né fari hún í bága við þær reglur sem gilda um öryggi fjarskipta, svo framarlega sem þess sé gætt að fylgja venju- og skyldubundnum varúðarráðstöfunum sem viðhafðar eru í sambærilegum tilvikum.

## 6.

### *Krafa um dagsektir*

Í málinu gerir Vodafone þá kröfu að PFS beiti Mílu dagsektum til að fylgja eftir skyldum samkvæmt ákvörðun þessari.

Eins og málavöxtum er háttað verður að telja að sá dráttur sem orðið hefur á málinu sé ekki eingöngu af völdum Mílu, heldur sé hann að hluta til á ábyrgð Varnarmálastofnunar sem gagnaðila fyrirtækisins, m.a. með því að draga að tilkynna um fjarskiptastarfsemi sína og ganga frá óleystum atriðum varðandi eignarhaldið á strengnum, sem liðkað hefði getað fyrir samkomulagi um aðganginn. Verður því ekki talið sanngjarnt, við það tímamark sem nú er uppi, að binda skyldur samkvæmt ákvörðun þessari skilyrðum um dagsektir.

### *Ákvörðunarorð*

**Kröfu Og fjarskipta ehf. er réttilega beint að Mílu ehf., sem umráðaaðila yfir þeirri aðstöðu sem nauðsynleg er, til að hægt sé að nýta þann ljósleiðaraþráð, sem samningur Og fjarskipta ehf. og Varnarmálastofnunar kveður á um, sbr. sú aðgangskvöð sem hvílir á Mílu samkvæmt ákvörðun PFS nr. 20/2007.**

**Míla ehf. skal veita Og fjarskiptum ehf. nauðsynlegan aðgang að búnaði til þess að fyrirtækið geti tengt fjarskiptanet fyrirtækisins við ljósleiðara NATO, sbr. samningur Og fjarskipta ehf. og Varnarmálastofnunar, dags. 1. febrúar 2010.**

Míla ehf. skal hafa forræði á því hvernig uppsetningu verður háttað og leggja til nauðsynlegar teikningar ef þurfa þykir. Fyrirtækið skal hafa hliðsjón af þeirri lýsingu sem fram kemur í erindi Og fjarskipta ehf. um tilhögun tenginga sem óskað er eftir.

Miðað skal við að tengingum á þeim stöðum sem liður 2.4. í samningi Og fjarskipta ehf. og Varnarmálastofnunar tekur til skuli lokið fyrir 15. desember 2010. Á öðrum stöðum skal miðað við [að] tengingum skuli lokið innan hæfilegs frests frá því að heimild Varnarmálastofnunar liggur fyrir.

Mílu ehf. er heimilt að krefja Og fjarskipti ehf. um allan eðlilegan og sanngjarnan kostnað sem fellur til við að gera aðganginn virkan.

Kröfu Og fjarskipta ehf. um dagsektir er hafnað.

Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar.

*Reykjavík, 1. nóvember 2010*

---

Hrafnkell V. Gíslason

---

Björn Geirsson